

7 .fundur 2013 haldinn að Breiðabliki 2.sept. 2013

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Sigurður Hreinsson, Halldór Jónsson, Pröstur Aðalbjarnarson og Svanur Guðmundsson varamaður fyrir Hrefnu Birkisdóttur sem boðaði forföll. Gestur fundarins var Kristín Björk Guðmundsdóttir skólastjóri Laugargerðisskóla.

1. mál. Skólamál

Ný gjaldskrá lögð fram og hún samþykkt.

Girðing til að loka leiksvæði við skólann.

Kristín leggur til að farið verði eftir teikningu Landlína.

Ákveðið að fara eftir fyrirbyggjandi teikningu nema hvað girðingunni verður hliðrað til norðvesturs um 1,5 m.

2. mál. Skólaakstur

Niðurstaða útboðs skólaaksturs er sú að lægsta gilda boði sem var frá Halldóri Jónssyni er tekið.

3. mál. Minkaveiði- síuveiði.

Ákveðið að greiða hóflegt gjald til Reynis Bergsteinssonar. Samþykkt með þremur greiddum atkvæðum. Svanur og Sigurður sitja hjá.

4.mál. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu lagt fram til kynningar.

Bréfið fjallar um afstöðu ráðuneytisins til hæfis hreppsnefndarmanna vegna aðildar þeirra að HEM. Sigurður fer fram á að umrætt bréf bréf verði birt á heimasíðu hreppsins.

5. mál. Fjallskilaseðill lagður fram til kynningar.

Fjallskilanefnd falið að kynna sér reglur nágrannasveitarfélaga. Henni síðan falið að móta tillögur fyrir að reglugerð fyrir fjallskilasjóð hreppsins.

6. mál. Sorphreinsun og seyrulosun.

Nokkur umræða um sorphreinsun.

Nokkur umræða um seyrulosun.

7. Önnur mál

Kynntur tölvupostur frá Þórði Runólfsyni þar sem hann fer fram á að hreppurinn greiði helming á móti Ræktunarstöðinni í girðingu á merkjum. Málinu frestað.

Oddvita falið að athuga með fullan aðgang að Félags-og skólaþjónustu Snæfellinga.

Fleira ekki gert og fundargerð lesin.